

Alþingi
Erindi nr. P 139/205/
komudagur 18. 4. 2011



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. apríl 2011
Tilvísun: 2011040006/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum, 719. mál


Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum, 719. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér framangreint frumvarp og gerir ekki athugasemdir við efni þess. Hins vegar vill Orkustofnun vekja athygli á atriði sem ekki er tekið á í efni umrædds frumvarps til laga og varðar 6. mgr. 2. gr. laga nr. 13/2001. Í umræddri málsgrein er að finna skilgreiningu á leyfishafa sem samkvæmt orðalagi ákvæðisins er eftirfarandi: „Leyfishafi merkir í lögum þessum skráður aðili hér á landi sem fengið hefur leyfi til leitar, rannsóknar og/eða vinnslu kolvetnis skv. III. og IV. kafla [laganna].“

Samkvæmt framangreindri skilgreiningu á leyfishafa eru handhafar leitarleyfis, sem er ekki sérleyfi og er veitt til að hámarki þriggja ára, skilgreindir á sama hátt og handhafar sérleyfis til rannsóknar- og/eða vinnslu kolvetnis, og því undirorpnir kröfum hvað varðar t.d. skattlagningu og skráningarskyldu. Að mati Orkustofnunar er verið að leggja verulega íþyngjandi kröfur á herðar leitarleyfishafa og í engu samræmi við eðli þeirra framkvæmda. Kann þetta einnig að hamla áhuga leitaradila til að sækja um leyfi til leitar hér á landi.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur